

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Kópavogstún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. nóvember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að svæði fyrir þjónustustofnanir á Kópavogstúni breytist í íbúðar-svæði og opin svæði. Austast á svæðinu, næst Kópavogsbænum, stækkar svæði með blandaðri landnotkun (þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 3. nóvember 2005.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*